



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Reykjavík, 11. mars 2014

Varðar: 289. Mál – frumvarp til laga um virðisaukaskatt (búnaður fyrir fatlaða íþróttamenn)

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkomnu frumvarpi og lýsir yfir stuðningi við þá breytingu sem lögð er til á lögum nr. 50/1988 og varðar búnað fatlaðra íþróttamanna.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlað íþróttafólk er mikið hagsmunamál fyrir þá einstaklinga sem á þessum búnaði þurfa að halda. Sérhæður íþróttabúnaður er afar kostnaðarsamur og endurgreiðsla virðisaukaskatts af slíkum búnaði getur stuðlað að þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum og aukið lífsgæði þeirra.

Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



289. Mál til umsagnar

Íþróttasamband fatlaðra samþykkir þann texta sem lagður er fram og þakkar stuðning við þetta mikilvæga mál.

Með bestu kveðju
Anna K Vilhjálmstöttir

Anna Karólína Vilhjálmstöttir
Frkvstj. fræðslu og útbreiðslusviðs ÍF/
Special Olympics á Íslandi
annak@isisport.is GSM 8975523

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2014
R2014020052/12.8.4
G-ums 01/14

Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 289. mál, þskj. 560.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. febrúar 2014 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Með frumvarpinu er lagt til að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt meginreglum virðisaukaskatts bera þeir aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þann virðisaukaskatt sem þeir greiða við kaup á vörum og þjónustu. Það er álit ríkisskattstjóra að forðast beri að fjölga endurgreiðslum til handa þeim sem standa utan virðisaukaskattskerfisins enda ber að hafa í huga að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð. Almennt hafa frávik frá meginreglum í för með sér skilgreiningarvanda og markatilvik sem skapa óvissu og jafnvel mismunun. Í fyrsta lagi auka þær flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts í öðru lagi eykst hætta á misferlum. Í þriðja lagi þá auka endurgreiðslur og frávik frá meginreglum umstang hjá þeim aðilum sem annast uppgjör og frágang skattgagna. Í fjórða lagi skapar aukið flækjustig aukinn kostnað ríkissjóð við rekstur skattkerfisins, þ.m.t. breytinga á tölvukerfum, flóknari leiðbeiningar og ný hönnun eyðublaða. Í fimmta lagi myndi slíkt lækka tekjur ríkissjóðs.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á að hinn 21. febrúar 2014 kynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið að búið væri að stofna stýrihóp sem hefði yfirumsjón með gagngerrri endurskoðun á vörugjalda- og virðisaukaskattskerfunum. Er þeim starfshóp m.a. ætlað að leggja til grundvallar við endurskoðunina að skattstofn virðisaukaskatts verði breikkaður en í því felst væntanlega fækkun undanþága frá skattskyldu og endurgreiðslu. Framkomin tillaga myndi ganga gegn þessari stefnumiðun.

Ef á hinn bóginn er vilji til að fara þá leið sem frumvarpið hefur að geyma telur ríkisskattstjóri ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir:

Afmörkunin á gildissviði frumvarpsins er ekki nægilega skýr. Að mati ríkisskattstjóra er afmörkun á þeim vörum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sé endurgreitt vegna, allsendis ófullnægjandi. Hvorki í frumvarpinu sjálfu né athugasemdum er að finna skilgreiningu á því hvaða vörur geti talist til sérhæfðs íþróttabúnaðar. Ríkisskattstjóri bendir á að það væri strax til mikilla bóta ef hægt væri að styðjast við tiltekin tollskrárnumur. Þá gæti einnig verið erfiðleikum háð að afmarka hverjir falla undir það að teljast vera fatlaðir íþróttamenn. Á það jafnt á við um afmörkun á því hverjir teljast vera fatlaðir í skilningi ákvæðisins sem og íþróttamenn. Ákvæði þetta er því of óljóst og getur kallað á matskenndar ákvarðanir.


Ríkisskattstjóri vill benda á að í frumvarpinu er ekki sérstaklega tilgreint hvaða embætti sé

ætlað að annast endurgreiðslurnar, verði frumvarpið að lögum.

Það hefur löngum verið ljóst, m.a. á grundvelli framangreindra atriða og stutt rökum fræðimanna og reynslu af framkvæmd, að undanþágur frá neyslusköttum sem ætlaðar eru tilteknum hópi neytanda eru lítt fallnar til árangurs og langtum ómarkvissari en beinar ívilnanir t.d. í formi bóta eða lækkunar beinna skatta. Aukin hætta er m.a. á misræmi.

Með vísan til framangreindra atriða mælir ríkisskattstjóri ekki með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Bjarni Amby Lárusson



Guðrún J. Jónsdóttir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 143/1134
komudagur 21.2.2014

Reykjavík, 21. febrúar 2014.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (búnaður fyrir fatlaða íþróttamenn). 289. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt þessa frumvarps og ítreka þá skoðun sína að varast beri að veita undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts. Með því er verið að veikja skattstofninn og flækja eftirlit með greiðslu skattsins.

Virðisaukaskattur stendur undir um 30% skatttekna ríkissjóðs. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð, og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum.

Samtökin fagna því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skuli vera áform um að jafna og einfalda neysluskatta og endurskoða vörugjöld.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason